




Háteigur



14. árgangur 6. tbl.

31. maí 2010

GLEÐILEGT SUMAR!

<http://hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Hægt og rólega rennum við okkur inn í sólríkt sumarið eftir viðburðarríkan vetur. Starfið hefur gengið vel og allir hafa bætt við sig þekkingu og færni, bæði nemendur og kennarar. Í vetur fórum við starfsmennirnir saman til Akureyrar eins og greint er frá í Háteigi 26. febrúar. Þetta var lærdómsrík ferð sem ég hvet alla til að lesa nánar um á heimasíðu skólans. Vonandi munu sjást þess merki á næstu misserum, hvað við lærðum.

Okkur finnst að bæði við og nemendurnir hafi lært mikið á þemadögnum í lok apríl og hvet ég alla til að skoða myndirnar því að þær segja mikið um þá starfsgleði sem ríkti á þemadögnum. Þegar við ræddum um reynslu okkar af þessum dögum urðum við sammála um að þarna hefðum við einmitt náð að vinna með gildi okkar sem eru; virðing, samvinna og vellíðan.

Í vikunni komu hingað tveir kennarar og átta kennararnemar frá Concordia College í Minnisóta í Bandaríkjunum. Heimsóknin var sérstaklega ánægjuleg og óskuðu kennararnir eftir því að fá að koma aftur í heimsókn til okkar eftir ár. Þeim fannst margt eftirbreytnivert og vilja m.a. nýta sér og kynna aðferð okkar við að leita að einelti í skólanum sínum. Það er hluti af stefnu Concordia College að fara með kennaranema í vettvangsferðir erlendis og þar sem þau áttu leið um Ísland leituðu þau að áhugaverðum skóla í Reykjavík. Kennararnir sögðust hafa farið inn á heimasíður grunnskóla Reykjavíkur og þar sem þeir gátu ekki lesið upplýsingarnar þá hefðu þeir skoðað myndirnar og þeim fundust myndirnar okkar benda til að hér væri lifandi og skemmtilegt starf. Þetta var óvænt og skemmtilegt sjónarhorn.

Í pistli mínum fyrst í haust ræddi ég um óvissuástandið í þjóðfélaginu og ræddi síðan um fyrstu netkönnun okkar að vori. Við munum senda út nýja könnun eftir veturinn og hvet ég foreldra til að taka þátt þar sem upplýsingarnar sem foreldrar gáfu okkur í fyrra komu að góðum notum. Það hefur eðlilega verið áhyggjuefni í hruninu, sem stendur ennþá yfir, hvernig börnunum myndi vegna í grunnskólunum. Sem betur fer bendir ýmislegt til þess, bæði athuganir okkar og annarra sem eru að skoða hlutskipti nemenda, að börnunum líði almennt betur en áður. Ég vil leyfa mér að túlka þetta þannig að foreldrarnir og allt samfélagið hafi tekið höndum saman

um að tryggja vellíðan barnanna. Ég vona heitt og innilega að okkur takist að halda áfram að hlúa að börnunum.

Ég óska lesendum farsæls og endurnærandi sumars.

Ásgeir Beinteinsson
skólastjóri Háteigsskóla.

Skipulag síðustu daga

Á blaðsíðu 3 í Háteigi er skipulag síðustu daga ásamt skólaslitum sett upp í töflu. Mikilvægt er að nemendur mæti tímanlega þessa daga eins og aðra og séu klæddir til útiveru.

Minnisatriði við lok skóla.

- ✓ Í óskilum er hjá okkur ýmis fatnaður, lyklar, skór, íþróttadót og fleira. Það sem verður ekki sótt fyrir 12. júní verður gefið Rauða krossinum.
- ✓ Skila þarf öllum bókasafnsbókum strax.
- ✓ Nemendur eiga að skila öllum endurnýtanlegum námsbókum. Foreldrar eru beðnir um að leita sérstaklega vel að bókum, bæði gömlum og nýjum.
- ✓ Skila þarf skápalyklum í síðasta lagi 10. júní.

Áskrift að greinum í pósti

Nú geta áhugasamir velunnarar skólans gerst áskrifendur að nýjum greinum sem birtast á heimasíðu skólans. Um leið og netfangið er skráð munu nýjar greinar verða sendar í tölvupósti um leið og þær birtast.

Jörðin okkar – DVD diskur

Við viljum vekja athygli á því að búinn var til DVD diskur með óperunni Jörðinni okkar sem nemendur yngsta stigs ásamt meðlimum Gospelkórs HR fluttu með glæsi-brag á barnamenningarhátíð í Hallgrímskirkju í síðasta mánuði. Þessi diskur er til sölu á skrifstofu skólans á kostnaðarverði – góð minning og skemmtileg gjöf handa öfum og ömmum sem eiga „allt“!

Heimsókn verðandi 1. bekkinga

Fimmtudaginn 27. maí komu verðandi 1. bekkingar í heimsókn í skólann ásamt foreldrum sínum. Þar hittu þeir tilvonandi kennara sína sem fóru með þeim í skólastofurnar þar sem skemmtilegt verkefni var unnið. Á meðan fræddust foreldrarnir um skólann. Við hlökkum mikið til að sjá þessa ungu nemendur aftur í haust.

Enga hunda

Við viljum beina þeim tilmælum til þeirra sem heimsækja skólans að taka ekki hunda með sér inn á lóðina, svo þeir valdi þeim ekki óþægindum sem eru með ofnæmi fyrir hundum.

Ljód um vatn

Nemendur 1. – 7. bekkjar sömdu ljód um vatn á Ólafsdögum 28. – 30. apríl. Þeir unnu í hópum, oftast eldri með yngri nemanda. Hér eru nokkur ljód en öll ljóðin og aðrar hugleiðingar um vatn eru komnar á heimasíðuna.

Vatnsljód

Vatn fellur.
Vatn fellur
að ofan svo að
trén vaxi
nógu vel.
Aron og Ágúst

Hið eina og sanna fótspor

Vatn er eins og fótspor
allir drekka vatn.
Til dæmis fílar og froskar.
Náttúran er full af þessum
yndislegu fótsporum.
Eglé, Gyða og Gunnar

Vatnið

Við förum vel með vatnið,
því það er lífsnauðsynlegt.
Án þess verður ekkert líf.
Það er hollt og gott fyrir allt.
Við drekkum vatn á hverjum degi
og notum það á hverri stundu.
Í Afríku er lítið vatn til
þannig að við verðum að vera
þakklát fyrir okkar vatn.
Hilmir & Lísa

H²O

Vatn er gott.
Það er flott.
Vatn er glært.
Og líka tært.
Vatnafossar
eru vatnakossar.
Vatnafljót
eru stundum ljót.
Ásta Indía og
Þorsteinn Davíð

Loftbólur

Loftbólur eru mjög skemmtilegar.
Oft eru þær á hreyfingu.
Fljóta á yfirborðinu.
Til eru þær í sjó.
Búa í vatni.
Ólmar vilja komast upp.
Loft er í loftbólum.
Um vatnið sigla þær.
Rífast um vatnið.
Júlía og Nökkvi

Dropinn

Dropinn fellur,
dropinn dettur,
dropinn skoppar.
Dropinn hoppar,
dropinn holar steininn
Þetta gerir dropinn.
Kristjana og Ísabella Anna

Dropinn

Æðislegi þú.

Æðislegi þú sem lætur mér líða vel.
Bara ef þú gætir veitt öllum
sömu hamingju og þú veitir mér.
Því þú ert sá sem heldur mér á lífi.
Kæri dropi fjölgaðu þér svo
hratt svo þú getir látið alla
sem ekki hafa nógu vatn
gleðjast.
Selma og Kristján

Foss

Foss er fallegur
ofur lífrænn
stór er hann
stundum.
Snjólaug og Halldór

Niður hlíðina

Mjólkurhvítur fossinn,
líðast um steinana.
Niður hlíðina,
á leið sinni til sjávar.
Finnbogi og Tómas

Grýla

Grýla gengur úti, - Grýla gengur lengi.
Finnur ekki æti, - því allir eru þægir.

Emil Fjóluson Thoroddsen, 4. bekk

Grunnskólamót höfuðborga Norðurlandanna

Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda fór fram í Helsinki í Finnlandi dagana 24.-28. maí. Keppt var í frjálsum íþróttum drengja og stúlkna, knattspyrnu drengja og körfuknattleik stúlkna. Keppendur eru á aldrinum 12-14 ára. Grunnskólamót höfuðborga Norðurlandanna hefur verið haldið árlega frá árinu 1948 og mun fara fram í Reykjavík á næsta ári. Háteigsskóli átti tvo fulltrúa á mótinu: Margréti Ósk Einarsdóttur í körfubolta og Tómas Inga Urbancic í fótbolta. Hægt er að fylgjast með gangi mála á mótinu og skoða myndir á heimasíðu Íþróttabandalags Reykjavíkur, <http://ibr.is/>.

Ég bíð

Ég bíð og bíð
eftir því að vorið komi,
eftir því að blómin vaxi,
eftir því að grasið grænki
og eftir því að sólin hækki

Erna Kanema Mashinkila, 7. bekk

Spurningakeppni verkfrings

Í vor var bryddað upp á spurningakeppni í verkfring á unglingastigi. Mun fleiri lið voru skráð til leiks en von var á. Keppnin var útsláttarkeppni með hraðaspurningum, vísbendingaspurningum, myndaspurningum og fleiri tegundum spurninga. Kennarar unglingastigs sáu um að semja spurningarnar og einnig um utanumhald og dómgæslu. Áhorfendur skemmtu sér vel og útbjuggu margir skemmtileg hvatningarspjöld og nemendur í 10. bekk klæddu sig meira að segja upp í búning til að styðja sinn árgang. Leikar fóru þannig að í fyrsta sæti voru þau Alexander og Kristín Hulda í 10. MHS og Þórður í 9. SPS.

Gömlu mánuðirnir

Harpa, skerpla, sólmánuður,
heyannir, tvímánuður, haustmánuður,
gormánuður, ýlir, mörsugur,
þorri, góa og einmánuður.
Gömlu mánuðirnir eru hér
það er hlutur sem enginn sér.

Ásta Indía Valdimarsdóttir, 4. bekk

Taka 2010

Á kvikmyndahátíð grunnskólanna, Töku 2010, sem haldin var 19. maí, lentu tvær myndir frá Háteigsskóla í verðlaunasætum. Heimildarmynd um móttökudeild skólans sem móttökudeildarnemendur gerðu með spænskum texta lenti í þriðja sæti og heimildarmynd Atla, Guðmundar Steins og Péturs í 9. bekk um íslensk húsdýr, hlaut annað sætið. Verðlaunamyndirnar voru sýndar á sal föstudagsmorguninn 21. maí við mikinn fögnuð áhorfenda sem voru á aldrinum 6 ára og upp úr.

Ef

Ef ég væri geit,
kind, lamb eða kýr,
borðaði ég gras.
Ef ég væri köttur,
kettlingur, borðaði ég fisk.
Ef ég væri hross,
folald eða hestur,
myndi ég hlaupa hratt.

Ragnar Núi Gunnarsson, 4. bekk

Dansinn

Í vikunni fyrir hvítasunnu sýndu nemendur 1. – 7. bekkjar foreldrum sínum það sem þeir hafa lært í dansi. Þar voru allar tegundir sýndar, svo sem mars, enskur vals, djæf, línudans, körfuboltadansinn og margt fleira. Mikil gleði ríkti á sýningunum, bæði hjá börnum og fullorðnum.

Baðstofa

Bóndinn segir sögur um að sauðburðurinn sé skemmtilegur. Tófan stelur kindum um borðar þær. Farðu tófa! Afi segir sögur. Guðrún Jóhannesdóttir, 4. bekk

Sumargjafir 2010

Í apríl fengu nemendur 2., 3. og 5. bekkjar góðar sumargjafir. 2. bekkingar fengu sippubönd og bækling um sipp, 3. bekkingar fengu bolta og bækling um bolta og boltaæfingar og 5. bekkingar fengu sundkort og bækling um sundleiki. Að auki fengu 6-7 ára börn kynningarbæklinga um ókeypis íþróttaskóla næsta vetur. Síðasta haust fengu svo 4. bekkingar skautakort. Í þessu felst að sjálfsgöðu hvatning til meiri hreyfingar. Gjafirnar voru frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Ef þú ert lifandi

Ef þú ert lifandi, þá spyrðu.
Ef þú spyrð, þá hugsarðu.
Ef þú hugsar, þá lærirðu.
Ef þú lærir, þá skilurðu.
Ef þú skilur, þá veistu.
Ef þú vilt vita meira þá ertu lifandi.

Hálf dán Hörður Pálsson, 6. bekk



Spakmæli mánaðarins:



Öðru hverju verður þú að loka augunum til að sjá betur.

Lífsins hringur

Nú er sumar og sólskinsdagur mikið er hann fagur.

Brátt kemur haustið og laufin falla yfir allt og alla.


Tíminn líður strax er kominn vetur og mér líður betur.

Snjórinn er flúinn veturinn er búinn.

Vorið kemur tónskáldið semur lóan syngur

svona er lífsins hringur.

Drífa Atladóttir, 7. bekk



Ég og uppáhaldsveðrið mitt

Rigningin er góð, gróðri hún bjargar. Þá verðum við fróð.

Námsgreinar höfum við margar.

Tryggvi Kolviður Sigtryggsson, 5. bekk

Fljúgandi teppi / Menningarmót

Nemendur 5. bekkjar héldu nokkur menningarmót í maí. Á menningarmóti kynna einstaklingar sín áhugamál og sína menningu fyrir öðrum. Menningarmótin voru vel sótt, bæði af foreldrum og öðrum nemendum og var ótalmargt áhugavert og spennandi að sjá. Myndir frá menningarmótunum eru komnar á heimasíðu skólans.

Þú

Ég var að leita að einhverju en fattaði svo að það var beint fyrir framan mig, þú.

Það er eitthvað við þig sem ég skil ekki en allir aðrir skilja en það er annað við þig hvað þú skilur mig en enginn annar og stundum ekki einu sinni ég sjálf.

Kannski er það það sem gerir okkur svona.....

sérstök.

Andrea Eir Guðmundsdóttir, 7. bekk



	S K I P U L A G S Í ð U S T U D A G A S K Ó L A Á R S I N S :				
	Föstudagur 4. júní	Mánudagur 7. júní	Þriðjudagur 8. júní	Miðvikudagur 9. júní	Fimmtudagur 10. júní
1. bekkur	Skóladagur	Fjöruferð kl. 10:10 – 13:40	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 14:00
2. bekkur	Skóladagur	Ratleikur kl. 10:10 – 13:40	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 13:00
3. bekkur	Skóladagur	Út í bláinn kl. 10:10 – 13:40	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 12:00
4. bekkur	Skóladagur	Norræna húsið kl. 8:30 – 13:40	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 11:00
5. bekkur	Skóladagur	Övissuferð kl. 10:10 – 13:40	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 10:30
6. bekkur	Skóladagur	Gróttu kl. 10:10 – 13:40	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 10:00
7. bekkur	Skóladagur	Viðey Mæting kl. 8:30	Útivist á Klambratúni kl. 10:10 – 13:20	Starfsdagur	Skólaslit kl. 9:30
8. bekkur	Prófasýning	Ferð til Stokkseyrar Mæting kl. 8:30	Nauthólsvík og grill kl. 10:00 – 12:30	Starfsdagur	Skólaslit kl. 9:00
9. bekkur	Prófasýning	Skemmtigarðurinn Grafarvogi. Mæting 8:30	Nauthólsvík og grill kl. 10:00 – 12:30	Starfsdagur	Skólaslit kl. 8:30
10. bekkur	Prófasýning	Undirbúningur skólaslita. Mæting kl. 8:30	Nauthólsvík og grill kl. 10:00 – 12:30	Starfsdagur	Útskrift kl. 17:00 Foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir.

Skóladagatal 2010 - 2011

Nafn skóla:

Háteigsskóli

Samþykkt af Menntaráði 26. maí 2010

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 S		1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 P	1 F	1 F	1 S	1 M
2 M	Friðdagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 Þ		3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M		4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F		5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F		6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L		7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S		8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M		9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ		10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M		11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F		12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F		13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L		14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S		15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	STUT	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	STUT	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F
18 M	STUT	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	STUT	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	STUT	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L		21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S		22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	Skólasetning	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ		24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M		25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F		26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F		27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L		28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S		29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M		30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ		31 S	31 M	31 F	31 F	31 M	31 F	31 F	31 L	31 Þ	31 M

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launafélagar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda (STUT) eru 8.

Skóladagar eru alls 180. 170 kennsludagar og 10 viðbótardagar sem nýtast þannig:

Skólasetning 23. ágúst, foreldravíðtöl 12. október, jólasemntanir 16. og 17. desember, foreldravíðtöl 1. febrúar, lokadagur þemadaga 1. apríl, vorhátíð 14. maí, útikennsla 1. og 3. júní og skólaslit 7. júní.